

**FRÁSÖGN**

*af þemaþingi Norðurlandaráðs á Akureyri 9.-10. apríl 2018*

Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu þingið þau Silja Dögg Gunnarsdóttir formaður, Oddný G. Harðardóttir varaformaður, Anna Kolbrún Árnadóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Ólafur Ísleifsson, Steinunn Þóra Árnadóttir og Vilhjálmur Árnason, auk Helga Þorsteinssonar ritara. Á fundinn komu jafnframt Sigurður Ingi Jóhannsson, samstarfsráðherra Norðurlanda, og Ásmundur Einar Daðason félags- og jafnréttismálaráðherra.

Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, setti þingið. Í setningarræðu sinni lýsti hann sterkri trú á framtíð norræns samstarfs og sagði m.a.: „Norrænt samstarf er og mun áfram vera hornsteinninn í alþjóðlegu þingmannasamstarfi okkar. Við eigum mörg sameiginleg gildi, meðal annars hvað varðar jafnrétti, umhverfisvernd og lýðræði. Í heimi sem stendur frammi fyrir stríði, óstöðugleika, róttækri þjóðernishyggju og öfgastefnu víða um lönd þurfa Norðurlönd að standa saman. Umheimurinn hefur jafnframt þörf fyrir sameinuð og sterk Norðurlönd sem geta stuðlað að betri heimi á grundvelli sameiginlegra gilda sinna.”

Þema þingsins var hafið og tengdist bæði formennskuáætlun Norðmanna í Norðurlandaráði 2018, en þar er lögð áherslu á umhverfis- og öryggismál á sjó og sjálfbærni markmiði Sameinuðu þjóðanna númer 14 um að vernda og nýta auðlindir hafsins á sjálfbæran hátt. Af þessu tilefni óskaði Norðurlandaráð eftir greinargerð frá Norrænu ráðherranefndinni um stöðu Norðurlanda gagnvart þessu markmiði. Sigurður Ingi Jóhannsson kynnti greinargerðina á þinginu og sagði að Norðurlönd stæðu framarlega þegar kæmi að málefnum hafsins, hvort sem litið væri til hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, sjálfbærar nýtingar, verndunar fiskstofna, stjórnunar hafsvæða eða baráttunnar gegn mengun frá landi. „En við vitum jafnframt að við þurfum að gera betur. Áhrif loftslagsbreytinga á fiskistofna, vaxandi vandi vegna súrnunar hafsins, mengun í Eystrasaltinu og síaukin plastmengun í höfunum allt í kringum okkur, og árekstrar vegna mismunandi nýtingar hafsvæða; allt eru þetta áskoranir sem þola ekki bið,” sagði Sigurður Ingi meðal annars. Í umræðum í kjölfarið sagði Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks, að með auknum rannsóknum og nýsköpun væri hægt að afla aukinna verðmæta úr hafinu og þannig jafnframt að fá aukna fjármuni til að vernda það. Í þessu sambandi væri samspil ríkisstjórna og atvinnulífs mikilvægt þannig að leikreglur hvettu fyrirtæki til að taka þátt í nýtingu og verndun hafsins. Hann nefndi íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið sem dæmi um vel heppnað fyrirkomulag að þessu leyti enda hefði íslenskur sjávarútvegur náð miklum árangri í umhverfismálum. Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna, sagði að hugsunarháttur fyrri tíma um að hafið gæti „lengi tekið við” væri sem betur fer úr sögunni. Engu að síður væri þörf á að taka til hendinni á ýmsum sviðum, til dæmis varðandi plast, eldsneyti og úrgang frá skipum sem fer út í hafið. Kolbeinn sagði að sjálfbærni hugsunin þyrfti að ná til allrar starfsemi sem tengdist hafinu, þar á meðal sjávarútvegs, fiskeldis, ferðamennsku og daglegs lífs í byggðum landa.

Á dagskrá þingsins var tillaga frá Norrænu ráðherranefndinni um að beinni fjármögnun fjögurra norrænna samstarfsstofnana sem heyra undir ráðherra menntamála og rannsókna á Norðurlöndum, þar á meðal Norræna eldfjallasetursins í Reykjavík, verði hætt í áföngum og að fjármuninum verði í staðinn úthlutað sem styrkjum til tímabundinna rannsóknarverkefna. Markmiðið er að auka sveigjanleika, að fjármögnun ráðist af rannsóknarstefnu landanna hverju sinni og að hún fari fram á samkeppnisgrundvelli.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs lagði á þinginu fram tillögu um að Norðurlandaráð frestaði ákvörðun um málið og fæli Norrænu ráðherranefndinni að gera úttekt annars vegar á áhrifum ákvörðunarinnar á starfsemi stofnananna fjögurra sem ráðgert er að Norræna ráðherranefndin hætti að fjármagna og hins vegar á stofnuninni NordForsk sem á að fá til ráðstöfunar og úthlutunar þá fjármuni sem áður fóru til hinna stofnananna. Í tillögunni er meðal annars bent á að stofnanirnar fjórar hafa starfað áratugum saman við góðan orðstír og að þær hafi komið mjög vel út úr óháðu mati. „Í umfjöllun um málið hefur komið fram að ekki er uppi óánægja með störf stofnananna fjögurra. Íslandsdeildin telur því innviði og reynslu þessara stofnana sérstök verðmæti sem ekki má kasta á glæ nema fyrir því séu haldbær og mjög sterk rök”, segir meðal annars í tillögunni. Í ljós kom að afstaða Íslendinga naut verulegs stuðnings í öllum flokkahópum. Þegar kom að málinu á dagskrá þemaþingsins lagði Michael Tetzschner, forseti Norðurlandaráðs, því til að henni yrði frestað. Hann vísaði bæði til þeirra efasemda sem komið höfðu fram á fundum flokkahópanna og til þess að Norræna ráðherranefndin hefði gefið til kynna að hún sækti það ekki mjög fast að tillagan yrði samþykkt í núverandi mynd. Hann sagði einnig frá því að hann hefði beðið skrifstofu Norðurlandaráðs um að senda Norrænu ráðherranefndinni bréf með ósk um nánari upplýsingar til að Norðurlandaráð væri betur í stakk búið til að fjalla um málið síðar. Tillaga Tetzschners var samþykkt athugasemdalaust.

Tillaga Norrænu ráðherranefndarinnar um framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks fyrir tímabilið 2018-2022 var samþykkt samhljóða. Steinunn Þóra Árnadóttir var talsmaður flokkahóps Norrænna vinstri grænna í umræðum um framkvæmdaáætlunina. Hún lýsti ánægju sinni með að gott samráð hefði verið haft við hagsmunasamtök fatlaðra við gerð áætlunarinnar og vonaðist til þess að það samtal héldi áfram á gildistíma áætlunarinnar.

Á þinginu var einnig meðal annars samþykkt tillaga frá flokkahópi norrænna vinstri grænna um að draga úr losun í siglingum á Norðurlöndum, tillaga frá flokkahópi jafnaðarmanna um skipulag vinnumarkaðar og aðild að stéttarfélögum, tillaga um samgöngumál frá hagvaxtar- og þróunarnefnd Norðurlandaráðs þar sem meðal annars er lagt til að ráðherranefnd samgöngumála verði endurreist, tillaga frá flokkahópi jafnaðarmanna um norræn áhrif á og samstarf við G20-ríkin, tillaga frá flokkahópi hægrímanna um samstarf Norðurlanda um heildarvarnir, hættuástand og dreifingaröryggi og tillaga frá norrænum vinstri grænum um samræmingu löggjafar um hinsegin fólk á Norðurlöndum. Tillaga frá flokkahópi vinstri grænna um kjarnorkuafvopnun á alþjóðavettvangi var samþykkt með töliverðum breytingum.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu [www.norden.org](http://www.norden.org).